

### **Um jafnt búsetuform barna sem búa á tveimur heimilum.**

Þetta málefni hefur verið mikið baráttumál félagsins í mörg ár, margar umsagnir félagsins hafa komið inn á þetta atriði. Málið er talsvert viðamikil og snertir marga fleti umræðunnar um skilnaði, velferð skilnaðarbarna, réttarstöðu foreldranna, kynjajafnrétti, fjárstuðning hins opinbera við barnafjölskyldur, friðhelgi einkalífs barna svo eitthvað sé nefnt.

Félagið hefur lengi haldið á lofti stöðu þessara mála í Noregi og leggur til að fyrst og fremst verði litið þangað í umræðunni, þó svo að öll Norðurlöndin hafi tekið mismunandi ákveðin skref í því að tryggja lögverndað búsetuform barna á báðum heimilum foreldra. Ísland er vissulega langt á eftir í aðlögun laganna að raunveruleikanum og búa þeim foreldrum og börnum sem kjósa að hafa börn sín í viku og viku fyrirkomulagi, lagalegt skjól sem tekur mið af hagsmunum foreldranna og barnanna.

Samkvæmt þeim barnalögum sem taka gildi árið 2013 verður heimilt að dæma umgengni 7 daga af hverjum 14 dögum. Í skilningi félagsins er lögverndað búsetuform barna á tveimur heimilum annað en því sem næst jöfn umgengni barna. Í öðru tilvikinu eru bæði heimilin jöfn gagnvart lögnum en í hinu er ljóst að annað foreldrið er lögheimilisforeldri. Hér myndast skýrt val milli þess að börnin séu í mikilli umgengni eða í jafnri búsetu.

Félagið fékk til sín á ráðstefnu árið 2011 Dr. Asbjörn Strandbakken forseta lagadeildar háskólans í Bergen, en hann hefur leitt þessa umræðu á opinberum vettvangi í Noregi, m.a. verið formaður tveggja nefnda um lagasetningu varðandi „delt bosted“. Það er skoðun félagsins að þetta málefni sé hvað mest rannsakað í Noregi en þar hefur þessi þróun verið tekin í mörgum skrefum, bækur skrifaðar og hið opinbera metið áhrifin reglulega á hagsmuni barnanna, flækjustig deilumálanna sem koma upp, áhrifin á jafnrétti kynjanna, áhrifin á launajafnrétti svo eitthvað sé nefnt.

Nokkuð víðtæk samstaða er komin um þá niðurstöðu að þetta fyrirkomulag hentar mörgum börnum og foreldrum gríðarlega vel. Kannanir í Frakklandi, Bandaríkjunum, Norðurlöndum og nú síðast á Íslandi benda til þess að kostir þess að börn eigi raunveruleg heimili hjá bæði mömmu og pabba, njóti samvista við bæði í amstri hversdagsins, séu talsvert meiri en gallarnir við þetta fyrirkomulag. Það hefur einnig komið í ljós í Noregi að mæður sem eiga börn í „jafnri búsetu“ eru hvoru tveggja fleiri í vinnu og með hærri meðallaun en mæður sem eiga börn í hefðbundri umgengni.

Það er líka nokkuð mikil samstaða um það, sem er breyting frá fyrri gildum, að skilnaðarbörn vilja mikla umgengni við báða foreldra sína – að fátt eða ekkert sé þeim í raun mikilvægara. Áður var litið svo á, að eftir skilnað væri þeim fyrir bestu að búa við öryggi og skjól annars foreldrisins en heimsækja hitt. Þetta sjónarmið er úrellt en er engu að síður þungamiðja í íslenskum lögum þar sem lögheimilisforeldrið fer með aukið ákvörðunarvald samkvæmt þeim barnalögum sem taka gildi 2013 miðað við núverandi lög.

Til Félags um foreldrajafrétti leita margir sem eru með viku og viku fyrirkomulag. Það er ekki skrytið þar sem fjórðungur þeirra sem skilja í dag kjósa þetta fyrirkomulag samkvæmt nýlegri könnun. Vandamál koma upp í þessu fyrirkomulagi sem öllum öðrum, en löggjafinn hefur brugðist þessum foreldrum og börnum í því að veita leiðsögn og lagalega vernd í þessu fyrirkomulagi. Hér verður tæpt á nokkrum praktískum atriðum og áherslum félagsins.

- **Pegar lögheimilisforeldrið vill slíta viku og viku fyrirkomulaginu** – Lögheimilisforeldrið getur einhliða ákveðið að slíta eða breyta þessu fyrirkomulagi. Algeng ástæða er að lögheimilisforeldrið sé komið í nýja sambúð eða af öðrum ástæðum, sem hafa ekkert með hagsmuni barnsins að gera. Þá er hitt foreldrið algjörlega réttindalaust í núverandi lagaumhverfi, jafnvel þó svo að báðir foreldrar hafi fjárfest í húsnæði í sama hverfi, þá getur lögheimilisforeldrið flutt. Þess vegna er mikilvægt að þetta fyrirkomulag sé lögverndað þannig að ef annað foreldrið vill breyta fyrirkomulaginu þá sé til ferli sem meti hagsmuni barns. Að sumu leyti má segja að við slíkar aðstæður fari skilnaður foreldranna endanlega fram hvað varðar börnin – viku og viku fyrirkomulagið á jafnréttháum heimilum hafi verið einskona status quo frá hjónabands- eða sambúðarárunum. Í norskum skýrslum hefur komið fram að þó svo að „delt bosted“ fyrirkomulagið haldi einungis í stuttan tíma – 1 til 2 ár eftir skilnað - þá verði skilnaðurinn börnunum mikið minna áfall og líklegra að meiri umgengni verði í framhaldi við það foreldri sem verður ekki lögheimilisforeldri og stórfjölskyldu þess, en ella. Jöfn búseta eða tvöfallt lögheimili þarf því ekki endilega að vera einhver „endanleg lausn“ frá skilnaði þar til barnið er komið á unglings- eða fullorðinsár. Ferlið verður hinsvegar að vera til þannig að jafnræði og umgjörð sé fyrir hendi. Öll umræða um „átthagafjötra“ í þessu sambandi er algjörlega óeðlileg, ósanngjörn og séríslensk.
- **Fjarlægð milli heimilanna** – Í dag er það því miður svo að foreldrar eru að velja viku og viku fyrirkomulagið en samhliða að flytja í sitt hvorn enda borgarinnar eða sitt hvort bæjarfélagið. Í umsögn félagsins við frumvarp Daggar frá árinu 2007 sagði félagið eftirfarandi varðandi tvöfallt lögheimili barns:

**.... þurfi að uppfylla það skilyrði að foreldrar séu búsettir í sama sveitarfélagi, sama eða samliggjandi skólahverfi, enda séu uppfyllt þau viðmið að högum barnsins verði sem raskað sem minnst með tilliti til skólagöngu og vinahópa. Æskilegast má telja að foreldrarnir búi í sama skólahverfi, en þykir um leið þrengja um of að frelsi þeirra til búsetu og því gerð tillaga um sama sveitarfélag eða samliggjandi skólahverfi (ef skólar eru fleiri en einn í sveitarfélaginu)**

Félagið telur enn mikilvægt að löggjafinn hafi fjarlægð milli heimila sem ákveðið skilyrði fyrir skráningu og réttindum í þessu samhengi.

- Félagið telur mikilvægt að sérstaða Íslands verði skoðuð í þessu samhengi. Í Noregi vildu menn fara alla leið og skrá „tvöfallt lögheimili“ frekar en að búa til algjörlega nýjar skilgreiningar og lagabálg um „delt bosted“. Málið var hinsvegar að Noregur er fylkisskipt og ólíkur praksís er milli fylkja. Skráning lögheimilis á Íslandi er hinsvegar miðstýrð og fámennið gerir það að verkum að flækjustigið er minna.
- Félagið telur mikilvægt að tvöföld búseta eða tvöfallt lögheimili verði grundvöllur skiptingar á barnabótum sem og öðrum réttindum. Kröfuréttur til meðlags falli niður.

Félagið telur því mikilvægt að þingsályktunartillagan verði samþykkt og nefnd verði skipuð til að skoða málið. Félagið lýsir sig reiðubúið til að skipa fulltrúa í nefndina ef eftir því verður óskað eða koma með tillögur að nefndaraðilum.

15. nóvember 2012

Félag um foreldrajafnrétti.

Lúðvík Börkur Jónsson